Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Bnr. O.D K/S 18.3.19
Svfr.
( )Bréf ( )St.
Lvm. Trm.

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími:545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Landsvirkjun
Axel Valur Birgisson
Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík

Reykjavík 13. mars 2019
Tilv.: FOR19020147/9.1.1

Forsætisráðuneytið vísar til erindis Landsvirkjunar frá 22. febrúar sl., þar sem óskað er eftir samþykki ráðuneytisins vegna framkvæmda við færslu brúar og nýrra vegtenginga við Sultartangaskurð við Sultartangastöð sem er innan þjóðlendu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar fyrir umræddum framkvæmdum en þar sem framkvæmdin er til lengri tíma en eins árs, þarf jafnframt samþykki ráðuneytisins.

Með vísan til heimildar í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta samþykkir ráðuneytið fyrirhugaðar framkvæmdir, með þeim fyrirvara að framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins liggi fyrir við upphaf framkvæmda.

Haft var samráð við samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna, skv. 1. mgr. 4. gr. sömu laga við afgreiðslu erindisins.

Fyrir hönd ráðherra

Regína Sigurðard.
Regína Sigurðardóttir

Sigurður Örn Guðleifsson

Ljósrit: Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Kristófer Tómasson
Árnesi
801 Selfoss